

Fundarnúmer:	547
Dagsetning:	30.06.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

547. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. júní 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5.

Dagskrá:

1. Kennslukostnaður nemanda við Tónlistarskóla Akureyrar.
2. Tillaga Fjallskilastjórnar Miðfirðinga.
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.

Afgreiðslur:

1. Kennslukostnaður nemanda við Tónlistarskóla Akureyrar. Erindinu frestað til næsta fundar.
2. Lögð fram eftirfarandi tillaga Fjallskilastjórnar Miðfirðinga: "Í ljósi hörmulegra slysa sem orðið hafa af gasnotkun hvetur fjallskilanevnd Miðfirðinga sveitarstjórn Húnaþings vestra til að sjá til þess að settir verði upp, nú í sumar gasskynjarar ásamt rafbúnaði í heiðarskála í eigu sveitarfélagsins". Byggðarráð samþykkir tillöguna.
3. Fram lagt erindi Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Guðbjargar Ingu Guðmundsdóttur f.h. Bakka ehf. kt. 520680-0209 um leyfi til að reka gististað „flokkur II“ og veitingastað „flokkur II“ að Laugarbakka í Húnaþingi vestra. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins. Samþykkt að taka á dagskrá:
4. Lögð fram fundargerð Félagsmálaráðs frá 27. júní 2008, fundargerðin er í fjórum liðum. Fundargerðin samþykkt.
5. Byggðarráð samþykkir að leigjendur almennra leiguíbúða í eigu Húnaþings vestra greiði kr. 100.000 í tryggingarfé við upphaf leigutíma skv. 10. gr. 4. liðar húsaleigusamnings og 40. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.
6. Byggðarráð samþykkir að fela Félagsmálaráði að gera tillögur til sveitarstjórnar um úthlutun íbúða í íbúðum aldraðra.
7. Lagt fram bréf frá Arnari Birgi Ólafssyni fyrrverandi umhverfis-og garðyrkjustjóra Húnaþings vestra vegna fyrirspurnar frá Oddi Sigurðarsyni sem bókuð var í 542. fundargerð byggðarráðs Húnaþings vestra. Arnar óskar eftir að eftirfarandi verði bókað: „Ég, Arnar Birgir Ólafsson fyrrum umhverfis-og garðyrkjustjóri Húnaþings vestra, var eftirlitsmaður með þjónustusamningi við Jón Inga Björgvinsson sumrin 2004, 2005 og 2006 fyrir hönd tæknideildar. Til að svara ítarlegum fyrirspurnum frá fulltrúa Samfylkingar á 542. fundi byggðarráðs, þar sem spurt er út í hin ýmsu atriði varðandi umhirðu og eftirlit svæðisins mörg ár aftur í tímann, vil ég leggja áherslu á eftirfarandi: Að mínu mati sem eftirlitsmaður sveitarfélagsins lagði umræddur verktaki mikinn metnað í störf sín og í að koma æfingasvæðinu í leikhæft ástand. Þá uppfyllti umræddur verktaki öll þau ákvæði sem samningurinn kvað á um eins og aðstæður leyfðu hverju sinni. Á milli verktakans og tæknideildar ríkti gagnkvæmt traust enda fylgdist ég með störfum verktaka eins og samningurinn kvað á um og var ánægður með þau. Engar formlegar kvartanir bárust mér á þessu tímabili vegna starfa verktakans. Ég vil nota hér tækifærið og þakka Jóni Inga Björgvinssyni fyrir gott samstarf og vel unnin störf. „
8. Lagt fram bréf frá Sigurði Björnssyni dags 30. júní 2008, þar sem hann óskar svara frá skipulags-og umhverfisráði um erindi hans um byggingarleyfi fyrir hesthús að Höfðabraut 48. Erindinu vísað til skipulags-og umhverfisráðs.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.11:55

Elín R. Línadal(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Elín Jóna Rósinberg(sign.).